

Hjallastefnan ehf  
Vífilsstaðavegi 123  
Garðabær

# Ársskýrsla Hnoðrahólts 2020-2021



## Efnisyfirlit

<b>1. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn</b>	<b>2</b>
Mat á skólaári 2019-2020	2
1.2. Starfið næstkomandi ár	4
1.3. Framkvæmdir á skólaárinu 2019 - 2020	5
<b>2. Fagstarf</b>	<b>6</b>
2.1. Námskrármarkmið	6
2.2. Leikskólastarfið	6
2.2.1. Aðlögun nýrra barna	7
2.2.2. Dagskipulag	7
2.2.3. Skólaföt	8
2.2.4. Ferðir og upptökur	8
2.2.5. Gestir	9
<b>3. Starfsmannahald</b>	<b>9</b>
3.1. Móttaka nýrra starfsmanna	9
3.2. Símenntun og starfsþróun	10
3.3. Faglegur stuðningur og innra samstarf	10
3.4. Nám með vinnu og námsleyfi	11
<b>4. Samstarf</b>	<b>11</b>
4.1.1. Tengsl við ráðgjafarþjónustu	11
4.1.2. Tengsl við aðra leikskóla	11
4.1.3. Samstarfsverkefni, þróunarverkefni og þróunarstarf	11
4.2. Samstarf heimilis og skóla	11
4.2.1. Daglegt samstarf	12
4.2.2. Upplýsingastreymi	12
4.2.3. Fundir og viðtöl	12
4.2.4. Þátttaka foreldra	13
<b>5. Tölulegar upplýsingar</b>	<b>13</b>
5.1. Nemendur	13
5.2. Starfsfólk	13

# 1. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn

## 1.1. Mat á skólaári 2020-2021

Hjallastefnuskólar standa árlega fyrir nokkrum tegundum mats á skólastarfinu. Innra matið samanstendur af þeim þáttum sem skólinn notar til að meta eigin frammistöðu, svo og þeim þáttum sem Hjallastefnan ehf. notar til þess að meta gæði í þjónustu skólans. Helstu þættir í innra matinu eru starfsmannakönnun sem að jafnaði er lögð fram einu sinni á skólaári fyrir starfsfólk leikskólans. Þar er grennslast fyrir um starfsánægju, starfsaðstæður og mat starfsfólks á eigin frammistöðu. Einnig er svokölluð valtalning gerð sem sýnir og metur lýðræði barna, hópatalning þar sem tryggja á að unnið sé eftir Aðalnámskrá leikskóla og námskrá Hjallastefnunnar og starfsfólk gerir að auki sjálfsmat eftir hverja lotu í kynjanámskrá Hjallastefnunnar.



Kennarar fylla út gátlista um stöðu hvers barns hvað varðar þroska, félagshæfni og gengi í leikskólanum tvisvar á starfsárinu og kynna foreldrum í foreldraviðtali. Auk þess er foreldrakönnun send út einu sinni á starfsári þar sem foreldrar eru beðnir um að meta þjónustu leikskólans og fagstarf eins og það snýr að þeim og barni þeirra.

Auk innra matsins stendur Hjallastefnan ehf. fyrir ytra mati á gæðum skólastarfsins en eftirlitsaðili Hjallastefnunnar heimsækir skólann einu sinni á starfsári og rýnir í starfið með börnunum, kemur með tillögur til úrbóta með það sem kann að vera ábótavant og skilar Hjallastefnunni ehf. trúnaðarskýrslu um stöðu leikskólans. Vegna heimsfaraldurs Covid 19 hefur þurft að fresta ytra mati.

Ein foreldrakönnun var gerð á liðnum vetri og var hún send út í október. Almenn ánægja er meðal foreldra með starfið í leikskólanum, með móttöku barnanna, með kennarana og stjórnun skólans. Starfsfólk vann á starfsmannafundi hugmyndir að úrbótum.

Starfsmannakannanir voru sendar út einnig í október og niðurstöðum úr þeim var skilað til skólans um miðjan febrúar. Markmiðið var að varpa ljósi á viðhorf starfsmanna til fyrirtækisins og yfirmanna, mæla starfsánægju og viðhorf til vinnustaðar. Niðurstöður könnunarinnar komu vel út fyrir leikskólann Hnoðraholt þegar á heildina var litið. Kjarnastjórar fóru yfir niðurstöðurnar og umbótaáætlun gerð til að laga það sem betur mátti fara. Því miður var ekki svigrúm til að vinna að úrbótum með öllu starfsfólki en

*Hjallastefnan ehf.*

lögð verður áhersla á að á komandi árum muni allt starfsfólk koma að úrvinnslu starfsmannakönnunar.

Kennarar á Hnoðraholti eru vel undirbúnir í öllu sínu starfi, handbækur eru vel nýttar og starfið er metnaðarfullt og oft frumlegt. Hópstjórar voru 26 í upphafi skólaárs. Hópstjórar á Hnoðraholti starfa með börnum af ástríðu og áhuga. Móttaka barna einkennist af hlýju og kærleika, samanber niðurstöður úr foreldrakönnun.

Hópatímar, sem eru kennarastýrðu tímar dagsins, voru vandaðir og góðir í leikskólanum. Meira bar á þeim hjá eldri börnunum en í vetur settu hópstjórar yngri barnanna sér það að markmiði auðga starf yngstu barnanna. Til að gæta þess að öllum þáttum *Aðalnámskrár* væri framfylgt fylltu kennarar út gátlista einu sinni í mánuði til að hafa betri yfirsýn yfir þá þætti sem unnir eru í hópatímum.

Einu sinni í mánuði voru starfsmannafundir ef aðstæður leyfðu vegna Covid - 19. Oftast þurfi að skipta fundunum í tvennt eða þrennt svo lítið tækifæri gafst fyrir starfsfólk að hittast allt saman. Fundirnir voru gjarnan nýttir til umræðu og undirbúnings starfsfólks fyrir loturnar, fagstarf og annað sem nýttist starfsfólki vel í starfi með börnum.

## **1.2. Starfið næstkomandi ár**

Leikskólinn mun í starfi næsta árs halda áfram að byggja ofan á það góða starf sem búið er að leggja grunn að. Við erum alltaf að endurskipuleggja og meta hvernig við getum náð markmiðum okkar enn betur. Þar sem við erum lifandi stofnun er okkur samt að meta oft hvort eitthvað megi betur fara og fyrir hvert skólaár fer fram samtal og vinna um það. Við störfum eftir markmiðum *Aðalnámskrár*



leikskóla og *Námskrár Hjallastefnunnar* og notum starfshætti *Hjallastefnunnar* til að ná fram markmiðum okkar. Kjarnarnir eru aldursskiptir þannig að auðveldara er að vinna að markmiðum leikskólans með hvert aldursstig. Í hópastarfinu er unnið eftir ákveðnu lotukerfi samkvæmt námsskránni okkar. Þar erum við að efla félags- og einstaklings eiginleika barnanna. Loturnar eru sex og stendur hver lota yfir í fjórar vikur. Á haustönn eru þrjár lotur og þrjár á vorönn, sem skiptast á að efla einstaklings- og félagslegan þroska.

Sífelld þróun er í starfi okkar og í upphafi næsta skólaárs verður sett upp metnaðarfull símenntunaráætlun sem tekur bæði á *Handbók Hjallastefnunnar*, kynjanámskránni sem og á íslensku- og stærðfræðikennslu í skólanum. Ennfremur höfum við sett sjálfstyrkingu inn í símenntunaráætlun okkar.

*Hjallastefnan ehf.*

Tónlist er í hávegum höfð í skólum Hjallastefnunnar. Við syngjum mjög mikið og oft og börnin hafa gaman af. Söngfundir eru daglega en í hverri viku, gjarnan á föstudegi, syngja börnin saman í stærri hóp. Hver hópur fær þar tækifæri til að syngja fyrir framan aðra og afmælisbörn vikunnar fá sérstaklega afmælissöng. Auk þess er Hnoðraholt þátttakandi í þróunarverkefninu “Tökum skrefin saman” þar sem við notum tónlist til þess að nálgast viðfangsefnið.

Allir nýliðar Hnoðrahólts munu fara í gegn um þjálfunaráætlun Hjallastefnunnar. Markmiðið með þjálfunaráætluninni er að tryggja að allt starfsfólk lesi reglulega handbók Hjallastefnunnar. Þannig hafa allir góða innsýn í starfsþætti stefnunnar og vita vel til hvers er ætlast í starfi. Vinna með börnum og foreldrum þeirra er krefjandi verkefni sem aðeins hentar þeim sem hafa brennandi áhuga á að skapa leikheim með lausnum þar sem verkefni sem þjálfar færni í daglegu lífi eru í fyrirrúmi. Áætlunin er 9 vikur, er kennd í gegnum Google Classroom og endar hver vika með sjálfsmati.

Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í *Skólanámskrá Hnoðrahólts* sem birt verður á vef skólans.

Hnoðraholt er umhverfisvænn skóli og við höldum áfram að auka menntun og þekkingu, ásamt því að efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi lands og hafs.

Í skólanum gerum við okkur grein fyrir mikilvægi hreyfingar og hóparnir fara í allskonar hreyfistundir með kennurum sínum. Við notum kjarnana undir slíkar stundir, einnig okkar nánasta umhverfi sem er upplagt fyrir hreyfingu. Upp með púlsinn einu sinni á dag er málið. Jóga var vikulegur viðburður á liðnum vetri og áhugi er fyrir því hjá starfsfólki að halda því áfram.

Stjórnendaskipti verða á komandi skólaári. Kristín Kristjánsdóttir lætur af störfum og við tekur Ragnhildur Ólafsdóttir.

### **1.3. Framkvæmdir á skólaárinu 2020 - 2021**



Á skólaárinu 2019-2020 stækkaði skólinn og lokafrágangur er langt kominn.

Frágangur á pöllum við húsið og milli eininga er langt kominn auk frágangs utan lóðar.

Sett var girðing utan um stækkað útisvæði, auk renniþrautar og bráðabirgða sandkassa.

*Hjallastefnan ehf.*

Teppi voru tekin af kjörnum á miðeiningu til að mæta því að börnin voru eldri þennan vetur en veturinn á undan.

Mörg smáverkefni voru unnin og má þar nefna, klemmuvarnir á nýjar hurðar, gluggar voru lagaðir sem erfitt var orðið að loka, lagaður var jarðvegurinn fyrir neðan rennibraut, o.fl.

Vonir standa til þess að hægt verði að mála húsið að utan á næsta skólaári þar sem veggir í eldri hlutanum eru farnir að láta á sjá.

## 2. Fagstarf

### 2.1. Námskrármarkmið

Hjallastefnan starfar eftir tvennum námskrármarkmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir *Aðalnámskrá leikskóla* og uppfylla markmið hennar. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir *Handbók Hjallastefnunnar* þar sem einstaklingsstyrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli.

Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið *Aðalnámskrár* eru fléttuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti, ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissum hætti í hópatímum.

### 2.2. Leikskólastarfið



Leikskólastarfið síðastliðið starfsár einkenndist af gleði, þrautseigju og krafti sem starfsfólk þurfti sannarlega á að halda í þeim ódæmigerðu verkefnum sem mættu okkur (covid-19)

Haustið byrjaði vel hjá okkur. Eins og alltaf þá var kennt eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Í september tókum við Agalotu, í október Sjálfstæðislotu og í nóvember Samskiptalotu. Hver lota er í fjórar vikur og á milli þeirra er viku hlé. Eftir áramót tókum við seinni þrjár loturnar en í janúar var Jákvæðnilota, í febrúar

Vináttulota og í mars-apríl tókum við Áraðnilotu.

*Hjallastefnan ehf.*

Þrátt fyrir heimsfaraldur náðum við að bjóða starfsfólki tvö námskeið. Í september fór allt starfsfólk á námskeiðið “Lubbi finnur málbein”. Vegna samkomutakmarkana tvískiptum við hópnum svo þetta tækist. Í mars náðum við svo að bjóða öllum á skyndihjálparnámskeið.



Desembermánuðuinnr var skemmtilegur en við leitumst ávallt við að viðhalda röð, reglu og rúttínu þrátt fyrir að jólamánuðurinn gangi í garð. Við einbeitum okkur að því að takmarka stress og skapa ró. Á Hnoðraholti er alltaf haldinn jólasöngfundur sem einkennist af hátíðleik.

Í vetur fengum við til okkar gestakennara til að kenna jóga, hana Aðalheiði Jenssen. Starfsfólk hefur haft orð á því hvað jóga gerir börnum gott.

### **2.2.1. Aðlögun nýrra barna**

Aðlögun fór fram í tveimur hollum og hófst 10. ágúst. Formleg aðlögun nýrra barna tekur oftast um 5 daga. Fyrsta daginn koma börnin í klukkustundar heimsókn, annan daginn eru þau tvo tíma og foreldrar reyna að skjótast aðeins í burtu, þriðja daginn koma börn í morgunmat og eru fram að hádegismat, fjórða daginn eru börnin í morgunmat og fram yfir hádegismat og fimmta daginn eru þau morgunmat og fram yfir hvíld.

Vegna samkomubanns þurfum við að takmarka aðgang foreldra að leikskólanum. Starfsfólk lýsir því svo að það hafi fengið betra svigrúm en ella til að tengjast börnunum og segja lærdóm mega draga af samkomubanninu.

### **2.2.2. Dagskipulag**

Dagskipulag leikskólans síðastliðið starfsár einkenndist af röð, reglu, rúttínu og endurtekningu á hópatímum og valtímum. Dagskipulag er vissulega misjafnt eftir kjörnum og stjórnast af aldri og þroska barnanna. Svona er þetta í stórum dráttum:

07:45 – 09:10 Leikskólinn opnar og morgunverður framreiddur

09:10 – 10:15 Val

10:15 – 11:15 Hópatími

11:15 – 12:00 Hádegismatur

12:00 - 14:00 Hvíld og hópatími

14:00-14:30 Nónhressing

14:30- 17:00 Val og skólinn lokar

*Hjallastefnan ehf.*



### 2.2.3. Skólaföt



Bæði börn og starfsfólk nota skólafatnað í leikskólanum. Markmiðið er margþætt en sem dæmi má nefna að með samskonar skólafatnaði styrkist liðsheild meðal barnanna, samkeppni minnkar og öll börn mæta í þægilegum og slitsterkum vinnufatnaði á degi hverjum. Fötin samanstanda af tveimur tegundum íþróttabuxna, annars vegar “joggingbuxur” og hins vegar léttbuxur (“leggings”). Í boði eru stuttermá- og langermabolir, sem börnin geta valið um, í rauðum og bláum lit. Hannaðar hafa verið

ullarpeysur fyrir bæði starfsfólk, bæði opnar og lokaðar og samskonar lokaðar fyrir börn.

Fatnaðurinn er seldur í netverslun á <http://vefverslun.hjalli.is/>

### 2.2.4. Ferðir og uppákomur



Vettvangsferðir eru fastur liður í skólastarfi leikskólans Hnoðrahólts og hafa það ekki síst að markmiði að notfæra okkur og njóta hinnar einstöku náttúru sem er umhverfis skólann okkar.

Elstu börnum skólans var boðið í tónleikhús í tónlistarskólanum á sýninguna *Dúó og Stemma* í nóvember sem fresta þurfti fram yfir áramót. Þetta vakti mikla lukku.

**Jólasöngfundur:** Í skólum Hjallastefnunnar tíðkast það að halda jólasöngfundinn hátíðlegan og með rólegu yfirbragði. Við vorum með okkar jólasöngfund í desember og var hann í alla staði mjög hátíðlegur. Til að skapa sem mesta rósemd þá höfum við þann háttinn á að aðeins væru tveir kjarnar saman í einu á söngfundi. Þar sem við erum með aldurs- og kynjaskiptingu þá hittast þeir vinakjarnar sem eru með sama aldur eins og gert er á hefðbundnum söngfundum.

**Bolludagur, sprengidagur og öskudagur:** Við höldum þessa daga að sjálfsögðu hátíðlega með tilheyrandi hætti. Á öskudaginn komu börnin grímuklædd og ferðuðust í sóttvarnarhólf til að sýna sig og sjá aðra. Þau voru búin að mála kassa sem var notaður sem tunna þegar kötturinn var sleginn úr tunnunni. Inni í tunnunni voru litlir popppokar sem allir fengu að gæða sér á.

*Hjallastefnan ehf.*



Þann 10. maí fóru elstu börnin í dagsferð á Reykjanesið. Skessuhellir var heimsóttur, okkur var boðið í hádegisverð á Akur í Innri-Njarðvík og nutum svo góðrar veru í Narfakotsseylu sem er útikennslusvæði niður í fjöru í Innri-Njarðvík. Foreldrafélagið styrkti ferðina með því að greiða rútukostnað.

Aðstandendalaus vorhátíð var haldin 21. maí. Ákveðið var vegna aðstandendaleyfis að bjóða upp á 5 stöðvar sem kjarnarnir skiptust á að njóta. Sápukúludiskó, hoppukastali, andlitsmálun, krakkahestar og hressingarstöð með næringu og krítum til að dunda.

### 2.2.5. Gestir

Í vetur héldum við heimsóknnum í lágmarki vegna Covid - 19. Í desember komu þó tónlistarkonurnar Hildur og Beta til okkar og komu þær í 3 heimsóknir alls.



## 3. Starfsmannahald

### 3.1. Móttaka nýrra starfsmanna

Móttaka nýrra starfsmanna er í höndum skólastjóra. Allir starfsmenn fá í hendur *Handbók Hjallastefnunnar* og skólastjóri fer í gegnum helstu atriðið hennar með nýju fólki. Þar ber helst að nefna meginreglur Hjallastefnunnar og kynjanámskrána. Einnig fá nýir starfskraftar nýliðaáætlun. Nýir starfsmenn skrifa undir ráðningarsamning og um leið þagnarskyldu. Ennfremur þarf nýtt fólk að skila inn sakavottorði eða samþykkingu að sakavottorð séu skoðuð. Allir nýir starfsmenn fá 2-3 vinnuboli.

Þegar starfsmaður kemur í vinnu tekur samstarfsfólk á kjarna hann undir sinn verndarvæng. Margt er að innbyrða á nýjum stað og mikilvægt að tileinka sér stefnuna, tungutakið og hefðir skólans.

### 3.2. Símenntun og starfsþróun

Útbúin er símenntunaráætlun fyrir leikskólann á hverju hausti. Starfsfólk tekur þátt í gerð símenntunaráætlunarinnar og getur komið á framfæri óskum um námskeið eða aðra menntun sem nýtist í starfi.

*Hjallastefnan ehf.*

*Handbók Hjallastefnunnar* er ávallt til umfjöllunar og lesturs og mun svo vera áfram. Þar sem kynjanámskráin og meginreglurnar eru helst til umfjöllunar. Farið er yfir þetta á reglulegum fundum sem gjarnan eru tileinkaðir efni hverrar lotu í kynjanámskránni.

#### ***Haustönn:***

Á haustönn eru að lágmarki 3 starfsmannafundir. Hjallastefnan er með ráðstefnu fyrir allt starfsfólk skólanna á haustin en hún féll niður þetta skólaárið vegna samkomubanns. Kjarnastjórar funda vikulega til að veita þróun starfs okkur góða eftirfylgni. Síðan eru reglulegir leikskólastjórafundir hjá Garðabæ þar sem viðfangsefni er misjafnt eftir fundum. Einnig hittast skólastjórar Hjallastefnuskólanna reglulega.

#### ***Vorönn:***

Á vorönn eru einnig að lágmarki 3 starfsmannafundir þar sem farið er yfir það sem þörf er að skerpa á hverju sinni.

### ***3.3. Faglegur stuðningur og innra samstarf***

Við sækjum okkar faglegan stuðning til Hjallastefnunnar sem og Garðabæjar. Við leitum bæði til Margrétar Pálu Ólafsdóttur og Halldóru Pétursdóttur verkefnastjóra í leikskóladeild hjá Garðabæ. Skólastýrir Hjallastefnunnar vinna þó mjög náið saman og styðja hverja aðra. Ennfremur er mjög gott samstarf á milli kennara í skólunum þar sem þeir deila og miðla hver til annars. Hjallastefnan hefur nýtt sér Workplace undanfarin ár en Workplace er í eigu Facebook og er viðmótið nákvæmlega það sama. Aðeins þeir sem eru með hjalli.is netfang geta komist inn á þetta svæði. Fjölmarginir hópar eru nú þegar á þessu svæði þar sem fólk deilir kennsluhugmyndum og fleiru. Allar myndir og skjöl sem eru inni á þessu svæði eru í eigu Hjallastefnunnar en ekki Facebook. Aðgangur starfsfólks að efni Hjallastefnunnar er einnig gott í gegnum skolinn.is, sem er skýjalausn sem byggir á tækni á vegum Google.

Mikill faglegur stuðningur við starfsfólk felst í 9 vikna þjálfunaráætlun sem kennd er í gegnum Google Classroom eins og áður hefur komið fram en þar er Handbók Hjallastefnunnar brotin upp í smærri einingar til að lesa og tileinka sér. Áætluninni fylgja einnig góð myndbönd um daglega þætti í starfinu, sem dæmi matartímar, hvernig röðin virkar í daglegu lífi, hlutverk útikennara og svo framvegis.

Stjórnendur skólans eru ávallt til taks fyrir starfsfólkið og aðra sem til þeirra leita um faglegan stuðning og ráðgjöf.

*Hjallastefnan ehf.*

### **3.4. Nám með vinnu og námsleyfi**

Það hafa verið tveir starfsmenn á Hnoðraholti í námi í uppeldis- og menntunarfræðum.

## **4. Samstarf**

### **4.1.1. Tengsl við ráðgjafarþjónustu**

Faglegur ráðgjafi leikskólans er sem fyrr segir Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur Hjallastefnunnar, og sækir skólinn sérfræðikunnáttu til hennar eftir þörfum. Leikskólinn hefur einnig leitað til Bryndísar Guðmundsdóttur talmeinafræðings sem og Garðabæjar eftir þörfum.

### **4.1.2. Tengsl við aðra leikskóla**

Tenging er mikil við aðra leikskóla í rekstri Hjallastefnunnar ehf. og nota Námskrá Hjallastefnunnar sem grundvöll fyrir starfi sínu. Þetta eru bæði fagleg og rekstrarleg tengsl. Stjórnendur leikskólanna hittast reglulega á fundum, haldin eru sameiginleg námskeið og skólarnir skiptast á faglegum ráðgjöfum.

Sérstaklega eru nán tengsl milli Hnoðraholtis og Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ þar sem börn fara í reglulegar heimsóknir sem hafa þetta skólaárið verið í lágmarki vegna samkomubanns.

### **4.1.3. Samstarfsverkefni, þróunarverkefni og þróunarstarf**

Hnoðraholt er þátttakandi í þróunarverkefninu *Tökum skrefin saman* og inntak þess er að styrkja og efla starf með yngstu börnum leikskóla. Verkefnið er samstarfsverkefni þriggja leikskóla í Garðabæ, Krakkakots, Sunnhvols og Hnoðraholtis. Þetta átti að vera þriðja og jafnframt síðasta ár verkefnisins en vegna tafa á liðnum vetri munum við nýta næsta skólaár einnig.

## **4.2. Samstarf heimilis og skóla**



Leikskólinn Hnoðraholt setur samstarf við heimili leikskólabarnanna í öndvegi enda eru góð samskipti við fjölskyldur þeirra forsenda þess að börnum gangi vel og líði vel í leikskólanum. Samstarfið einkennist af gagnkvæmri virðingu þar sem foreldrar og starfsfólk vinna sameiginlega að því að

skólasamfélagið sé eins og best verði á kosið fyrir börn svo þau megi þroskast og dafna í jákvæðu umhverfi. Skólinn stendur að öllu jöfnu foreldrum alltaf opinn og er þeim alltaf velkomið að kíkja inn og fylgjast með starfinu. Þetta skólaári var ólíkt öllum öðrum hvað það varðar og þurftu foreldrar á köflum að skilja við börn sín við útidyr vegna samkomubanns. Í eðlilegu árferði bjóða börn og kennarar foreldrum í kaffi einu sinni á haustönn, einu sinni á vorönn og á öðrum stundum þegar tækifæri gefast. Foreldraviðtöl fara fram á laugardegi, annað í október, hitt í febrúar og oftast ef þurfa þykir.

#### **4.2.1. Daglegt samstarf**

Hjallastefnuleikskólar leggja áherslu á samstarf heimilis og skóla og eru fjölmargir þættir leikskólastarfsins sniðnir til þess að hvetja til og styðja við þetta samstarf. Þjónustumiðun skólans er hugsuð til þess að auðvelda barnafjölskyldum lífið en til dæmis býðst foreldrum að kaupa auka vistunartíma með engum fyrirvara ef illa stendur á eða eitthvað óvænt kemur upp og þannig verður gæsla og velferð barnsins samvinnuverkefni heimilisins og leikskólans sem tekur aukna ábyrgð á að aðstoða fjölskylduna. Skipulag starfsins í Hjallastefnuleikskólum er einnig í eðlilegu árferði með þeim hætti að starfsmaður tekur ávallt á móti barni í forstofu eða við dyr inn á kjarna fyrsta opnunartíma leikskólans til þess að fá fréttir af líðan og gengi barnsins heima, svara spurningum foreldra og koma skilaboðum frá heimilinu áleiðis til þess starfsmanns sem annast barnið yfir daginn. Auk þessa daglega samstarfs er skipulagt samstarfs heimilis og skóla í formi funda, viðtala og ýmissa atburða yfir skólaárið.

#### **4.2.2. Upplýsingastreymi**

Hnoðraholt notfærir sér vefumsjónarkerfi sem heitir Karellen og er heimasíða leikskólans alfarið uppfærð í gegnum kerfið. Einfalt er að setja fréttir og efni inn á síðuna sem hefur afar þægilegt notendaviðmót. Því fylgir öflugur innri vefur sem hefur meðal annars það markmið að efla og auðga samskipti starfsfólks- og foreldra um lykilþætti í umönnun nemendanna. Starfsfólk notar Karellen kerfið til að skrá svefn, matarvenjur og viðveru barna, kerfið er bæði vefsíða og smáforrit. Að auki geta foreldrar og kennarar skipst á skilaboðum og myndum af börnum í leik og starfi er komið á framfæri í gegnum þetta kerfi.

Foreldrafélagið heldur úti facebook síðu fyrir foreldrahópinn og höfum við nýtt okkur hana til að koma á framfæri tilkynningum og áminningum vegna viðburða og fleira.

#### **4.2.3. Fundir og viðtöl**

Fundir og viðtöl voru á þessu skólaári með öðru sniði en við eigum að venjast. Enginn hóp- eða fræðslufundur var haldinn. Foreldraviðtöl voru takmörkuð á haustönn við símtöl og tölvupósta en á vorönn náðum við að boða í samtöl og hitta foreldra augliti til auglitis.

*Hjallastefnan ehf.*

#### 4.2.4. Þátttaka foreldra

Í skólanum er starfandi foreldrafélag. Stjórn félagsins hittist reglulega á fundum yfir starfsárið. Það skiptir miklu máli að samvinnan milli félagsins og leikskólans sé góð. Foreldrafélag Hnoðrahólts lætur sig hlutina varða og styður við starf leikskólans. Á síðastliðnu skólaári styrkti félagið leikskólann með rennibraut á útisvæðið.

## 5. Tölulegar upplýsingar

### 5.1. Nemendur

Þann 1. des. 2020 voru 94 börn á Hnoðraholti 47 stúlkur og 47 drengir.

Árgangur	Stúlkur	Drengir	Samtals
2016	9	10	19
2017	12	7	19
2018	16	20	36
2019	10	10	20
<b>Samtals:</b>	47	47	94

### 5.2. Starfsfólk

1. desember 2019 voru 34 starfsmenn á Hnoðraholti í 24 stöðugildum. Starfsfólk með kennsluréttindi voru 5.

Leikskólastýra leikskólans Hnoðrahólts er Kristín Kristjánsdóttir.

#### Heimildir:

Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*

Caroline Pratt (1948). *I learn from children.*

*Hjallavefurinn* (2006). [www.hjalli.is](http://www.hjalli.is). Sótt þann 15.nóvember.

Margrét Pála Ólafsdóttir (1999). *Námskrá Hjallastefnunnar.*

*Hjallastefnan ehf.*